

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



<b>Dags eftirlits</b>	29.9.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Skaftárhreppur urðun	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Klausturvegur 15	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	480690-2069	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur Júlíusson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	475089,819 332611,967

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum og ein ábending var gerð er varðar takmörkun aðgangs. Enn er opið frávik er varðar timburhaug á urðunarstaðnum.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
4. Móttaka og skráning úrgangs (gr. 4.1)
5. Niðurstöður síðasta eftirlits
6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Kynning á reglugerð nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra
8. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Vegna COVID19 var eftirlitið tvískipt, annarsvegar vettvangsheimsókn og hinsvegar fjarfundur.

Farið var yfir stöðuna á urðunarstaðnum með rekstraraðila. Fram kom að um síðustu áramót hefði sveitarfélagið tekið yfir rekstur staðarins og ýmis verkefni eða breytt verklag væri í bígerð í sveitarfélaginu varðandi úrgangsmál. Unnið væri að tiltekt á urðunarstaðnum en þar hefur verið mikið magn brotajárns og timburs. Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi úr sveitarfélaginu til urðunar, kurlunar og geymslu. Samkvæmt magnþöllum úrgangs sem rekstraraðili skilaði inn til Umhverfisstofnunar voru urðuð 158 tonn árið 2019 auk 15 tonna af yfirlagsefni.

Umhverfis urðunarstaðinn er girðing og hlið er inn á urðunarstaðinn, en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur hliðið ekki verið læst og eitthvað um ólöglega losun úrgangs. Þó væri unnið að breyttu verklagi varðandi urðunarstað og gámaöill til að sporna við slíkri losun. Rekstraraðila var bent á að hlið eiga að vera læst og aðgangsstýrð.

Rætt var um móttöku og skráningar úrgangs. Fram kom að nú sjái sveitarfélagið sjálft um sorphirðu og urðun og heldur utan um skráningar vegna þess.

Í eftirliti 2019 komu fram tvö frávik er varða sein skil á skráningum og timburhaug á urðunarstað. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum fyrir 2019 og við eftirlit var timburhaugur enn til staðar.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlits út frá mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Urðunarstaður Skaftárhrepps er sem stendur í flokki B með 16 stig sem gerir reglubundið eftirlit einu sinni á ári. Rætt var um hvar rekstraraðili gæti bætt verklag sitt og þannig átt möguleika á að skora lægra í áhættumatinu. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

Kynnt var stuttlega reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og möguleg áhrif hennar á urðunarstaðinn í framtíðinni.

Í vettvangsferð á urðunarstaðinn var staðfest að þar er enn timburhaugur sem gerðar hafa verið athugasemdir við og er nú opið frávik. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila stendur til að nýta hauginn í manir á urðunarstaðnum. Talsvert magn af brotajárni var einnig á urðunarstaðnum en fram kom að tiltekt hefði verið í sveitarfélaginu og rekstraraðili hefði jafnframt nýlega breytt verklagi við flutning brotajárns af staðnum. Stutt er niður á grunnvatn á

urðunarstaðnum og hefur rekstraraðili gripið til þess ráðs að grafa ekki gryfjur heldur urða ofanjarðar og leggja þekjulag yfir til að koma í veg fyrir að úrgangur komist í grunnvatn. Við eftirlit var frágangur urðunarreina í lagi, unnið var að tiltekt á brotajárni og staðfest var að nokkuð hafði áunnist í skipulagi á urðunarstaðnum frá því sem var í eftirliti 2019.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 5.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Skráningar fyrir 2019 vegna tl. 2-4 í gr. 5.1 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

#### ÁBENDINGAR

Samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfi eiga hlið að vera læst og aðgangur að urðunarstaðnum takmarkaður þegar starfsemi er ekki í gangi. Fram kom í eftirliti að slíkt væri ekki raunin og er rekstraraðila bent á að bæta úr því við fyrsta tækifæri.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir